

Góðan dag

Ég undirrituð mótmæli harðlega að blóðmera iðnaðurinn fái að halda áfram, þessi iðnaður er ekkert annað en dýraníð og þjóðarskömm. Ljótur iðnaður til að viðhalda öðrum ljótum iðnaði. Ísteka stefnir á að auka framleiðsluna enn frekar sem þýðir að þá þarf að fjölga hryssunum sem verður aðallega gert þannig að kvenkyns folöldin sem fæðast inn í þennan iðnað fá að lifa einungis svo hægt sé að dæla úr þeim blóð allt þeirra líf og afkvæmi þeirra tekin til þess eins að viðhalda iðnaðinum eða til slátrunar.

Vona innilega að þessu verði alfarið hætt annars erum við sem þjóð að kalla yfir okkur mikla skömm.

Undirskriftasöfnunin sem er í gangi núna á Change.com hefur að geyma margar athugasemdir, hér fyrir neðan eru nokkrar þeirra til að sýna hversu illa þetta leggst í fólk.

með kveðju

Helga Óskarsdóttir